



HÍ

HEILBRIGÐISVÍSINDASTOFNUN

Flækjustig við notkun sjálfsmats

**Próffræðistofa
Heilbrigðisvísindastofnunar
Nóvember 2022**

Sjálfsmat (Self-report)

- Allt mat sem byggir á svörum fólks við spurningum eða afstöðu þess til fullyrðinga
 - Mat einstaklinga á sjálfum sér
 - Athuga annars konar skylt mat: Mat annarra (other-report)
 - Munum leggja höfuðáherslu á hið fyrra, sjálfsmat
- Beinar mælingar eru ekki mögulegar / fýsilegar
 - Bein mæling: Magnbinding á hlutbundnum eiginleika, s.s. hæð, þyngd eða blóðþrýstingi
 - Óbein mæling: Mat á óhlutbundnum eiginleika, t.d. viðhorfi, verkjum eða persónuleika

Sjálfsmat (Self-report)

- Sjálfsmat er mikið notað í heilbrigðisvísindum
 - Sálfræði, hjúkrunarfræði, læknisfræði, sjúkrapjálfun – lýðheilsa, faraldursfræði

Dæmi um sjálfsmatsspurningar

- **Líkamleg einkenni:**

- *Áttu í erfiðleikum með að fara upp í eða fram úr rúmi vegna svima?* (Dizziness Handicap Inventory)

- **Andleg einkenni:**

- *Mér hefur liðið svo illa að ég hef átt erfitt með svefn* (Edinburgh Postnatal Depression Scale)

- **Hegðun:**

- *Hversu marga drykki færð þú þér á venjulegum degi þegar þú drekkur?* (Alcohol Use Disorders Identification Test)

- **Upplifun:**

- *Hjúkrunarfræðingar á [stofnun] hafa dregið fram styrkleika fjölskyldunnar* (Stuðningur og fræðsla hjúkrunarfræðinga við fjölskyldur)

- **Viðhorf:**

- *Á flestum sviðum er líf mitt eins og best verður á kosið* (Satisfaction with Life Scale)

Sjálfsmat – hagnýting

- Niðurstöður sjálfsmats eru oft notaðar við ákvarðanatöku í klíník
 - Þýðing fyrir einstaklinga
- Sjálfsmat kemur oft við sögu í rannsóknum
 - Á þátt í að móta þekkingu
 - Getur upplýst stjórnsýsluákvarðanir
 - Þýðing fyrir samfélag

Sjálfsmat – hagnýting

- Dæmi um rannsóknir sem byggja á sjálfsmati:
 - World Health Survey (WHS)
 - Youth Risk Behaviour Surveillance System (YRBSS)
 - Patient-Reported Indicator Surveys (PaRIS)
 - Líðan í covid og Áfallasaga kvenna

Kostir sjálfsmats

- Ódýrari gagnasöfnunaraðferð en margar aðrar
- Möguleiki á að ná til margra á skömmum tíma
- Má oft leggja fyrir með ýmsu móti
 - Á prenti, á netinu, símleiðis
 - Má ná til fleiri þjóðfélagshópa en ella

Kostir sjálfsmats

- Hægt að spyrja um málefni / hegðun sem er ekki við hæfi að meta með beinni hætti
 - Kynhegðun
 - Vímuefnaneysla
- Sumt er *aðeins* hægt að meta með sjálfsmati
 - Upplifun
 - Viðhorf
 - Ætlun
 - Líðan

Takmarkanir sjálfsmats

- Sjálfsmat er *flókið*
 - Hönnun sjálfsmatstækja er flókin
 - Mannleg (svar)hegðun er flókin
- Sjálfsmat hefur alltaf einhverja *villu*
 - Villa tilkomin vegna eiginleika matstækis
 - Villa tilkomin vegna eiginleika þess sem svarar
 - ...samspils þar á milli

Hönnun sjálfsmatstækja er flókin

- Ferlið er langt og strangt
 - Skilgreina markmið með mati
 - Rannsaka það sem hefur verið gert
 - Skilgreina fyrirbærið sem á að meta
 - Mörk þess við önnur skyld fyrirbæri
 - Semja atriða sem ná utan um allar hliðar fyrirbæris

Hönnun sjálfsmatstækja er flókin

- Ferlið er langt og strangt
 - Leggja faglegt mat á atriði m.t.t. innihalds
 - ...og orðalags / málfars, uppbyggingar
 - Forprófa í litlum hópi – aðlaga
 - Forprófa í stærri hópi, tölfræðilegt mat – aðlaga

Mannleg (svar)hegðun er flókin

- Sjálfsmat byggir á því að svarandi skilji, búi yfir upplýsingum um það sem spurt er um, *geti* veitt þær og *vilji* veita þær
- Ýmislegt getur farið úrskeiðis í svarferlinu (Tourangeau et.al, 2000)
 - **Skilningur (understanding)**
 - **Endurheimt (retrieval)**
 - **Mat / súmmering (judgement)**
 - **Svar (report)**
 - Nota bene: Svarandi fer ekki endilega í gegnum öll þessi skref!

Mannleg (svar)hegðun er flókin

- Meira að segja í “bestu aðstæðum”

- Dæmi: Hversu oft síðastliðna viku borðaðir þú fisk?

- Ég var með ælupest í síðustu viku!
- Telst kavíar með?
- Síðasta vika var ekki lýsandi...miða við þá á undan [sem ég man ekki vel eftir] = gisk

Möguleg útkoma:

- Rétt svar
- Ágiskun / námundun,
- Skekkt svar (eigum til að ofmeta það sem er æskilegt)
- Ekkert svar

- “...it is really not at all easy to get at such ‘simple, factual’ material even with co-operative respondents, on unembarrassing topics, where a ‘true’ answer can be thought to exist and to be known to the respondent.” (Oppenheim, 1992)

Sjálfsmat hefur villu

- Sjálfsmat mun hafa *villu* umfram annars konar mælingar
- Nákvæmni sjálfsmats takmarkast af
 - Hönnun matstækisins
 - Öllu því sem gildir um mannlega hegðun og hugsun almennt

Sjálfsmat hefur villu

- Mikilvægi hönnunar við lágmörkun villu
 - Atriði þurfa að ná vel utan um fyrirbærið sem meta á – en þó helst ekkert umfram það
 - Einkenni X kemur oft fram í ástandi Y, en það getur líka vitnað um óskilt ástand Z
 - Dæmi: Algengt einkenni klíníks þunglyndis er breyting á líkamsþyngd, en slíkt gæti hæglega skýrst af öðrum þáttum
 - Ætti að spyrja um breyting á líkamsþyngd í matslista sem metur þunglyndi?

Hönnun matstækis og villa

- Mikilvægi hönnunar við lágmörkun villu
 - Atriði þurfa að vera skýr, auðskilin, viðeigandi, málfarslega rétt, *eðlilega orðuð* – og helst stutt
 - Skýr lykilhugtök: Hversu oft ert þú að **niðurlotum komin(n)?**
 - Auðskilin: Hversu oft síðastliðna viku hefurðu verið **hengd/-ur upp á þráð?**
 - Eins stutt og hægt er: **Ef þú miðar við s.l. 12 mánuði, þ.e.a.s. frá 13. september 2021, hve oft hefur þú farið til eða talað við lækni eða hjúkrunarfræðing. Ekki telja með þau skipti sem þú talaðir við lækni eða hjúkrunarfræðing á meðan þú dvaldir á sjúkrahúsi. Teldu með öll önnur skipti sem þú talaðir við eða hittir lækni og þá er átt við hvaða lækni sem er**

Mannlegir eiginleikar og villa

- Mannlegur breyskleiki hefur áhrif á villu!
 - Frávik geta orðið í svarferlinu, t.d.
 - Misskilningur vegna óskýrrar hugtakanotkunar, lengdar, orðavals eða annars
 - Misgóð endurheimt og skekkjur í endurheimt, t.d. vegna
 - Ytra umhverfis (context dependent recall)
 - Innra umhverfis (state dependent recall)
 - Samspil eiginleika matsækis og þess sem svarar getur
 - Ýtt undir svarstíla (jáhneigð, félagslegan æskileika)
 - Dregið úr hvatningu til að leggja vinnu í svarið

Takmarkanir sjálfsmats – samantekt

- Meira að segja það að spyrja einfaldra spurninga getur verið miklu flóknara en maður heldur
 - Samanber fiskát og ælupestir
- Sjálfsmat er “nálgun að veruleikanum” – nákvæmni ræðst af
 - Hönnun matstækisins
 - Mannlegum duttlungum

Hvatningarorð!

- Þegar best lætur er sjálfsmat verðmæt leið til að
 - Varpa ljósi á fyrirbæri sem ekki fást metin með öðrum hætti
 - Öðlast annan vinkil á fyrirbæri samhliða öðrum mælingum
- Vönduð sjálfsmatstæki geta verið frábær rannsóknarverkfæri!
- Höfum bara í huga að það eru (allmörg) flækjustig

Takk fyrir áheyrnina!

Fyrirspurnir má senda á
phvs@hi.is

Næsta kynning í desember / janúar:
Próffræðilegir eiginleikar

Próffræðistofa á vefnum:
<https://heilbrigdisvisindastofnun.hi.is/is/proffraedistofa-heilbrigdisvisindastofnunar>